

Maður tveggja heima

Dagana 17. janúar — 15. febrúar er í vestursal Kjarvalsstaða sýning a myndlistarverkum eftir sænska listamanninn Carl Fredrik Hill, en hann lést árið 1911.

Carl Fredrik Hill naut ekki mikillar upphefðar sem listamaður í lifanda lífi, en nýtur nú talsverðrar frægðar í grófinni, sem er svo sem ekkert nýtt, þegar listamenn eiga í hlut. Samtíðin metur þá ekki alltaf sem skyldi, því þeir ganga ekki samstíga henni, heldur kannski feti framár.

Tvo tímabil í lífi málara

En þótt eigi sé betta einsdæmi, þá hefur Carl Fredrik Hill nokkra sérstöðu. Hann átti við geðveiki að stríða mikinn hluta ævi sinnar og er list hans gjarnan skipt í tvo hluta, hinn „sjúka“ og hinn „heilbrigða“ hluta lífsverksins.

Ethel Wiklund sendiherra Svíþjóðar á Íslandi orðar kjarna málsins einkar ljóslega í formála í sýningaraskrá er hún segir:


„Með þessari sýningu á verkum eftir Carl Fredrik Hill, sem gerð eru á því skeiði er hann var sjúkur, vill Svenska institutet, Kjarvalsstaðir og sænska sendiráðið á Íslandi kynna einn af mestu snillingum sænskrar myndlistar fyrir Íslendingum. Carl Fredrik Hill, sem fæddur var árið 1849, og lést árið 1911, var sálsjúkur mestan hluta ævinnar. Í þeirri list, sem hann skóp á þessu skeiði gætti engra utanáðkomandi áhrifa frá ríkjandi listastefnum. Hann var knúinn innra afli til að tjá tilfinningar sínar og hugsanir og ríku í myndunarafl. Með þeirri fullkomnu tækni sem hann bjó yfir skapaði hann fögur verk, og sem í stíl sínum fara nærri nútíma myndlist. Þessi stíll hans

kannski meira við framavonina, en aðrar þarfir sálarinnar.

Lífshlaup C.F. Hill

Í fjórlegri og ítarlegri ritgerð, lýsir Göran Christenson lífsferli og amstri daganna hjá Carl Fredrik Hill. Við gripum þar niður á stöku stað, ordrétt:

„Sænski listamaðurinn Carl Hill, sem var uppi um aldamótin skipar sess meðal fremstu landslagsmálara Svía. A Frakklandsárunum gerði hann sér snemma glögga grein fyrir því sem var að gerast í málara-listinni, og hann varð fyrir ahrifum bæði frá impress-



hugarlund það reiðkast sem greip föður hans, þegar hann sagði honum af fyrirætlunum sínum. Faðir hans var á engan hátt fjandsamlegur listum og menningarlífi. Hann tók mikinn þátt í menningarlífinu, las mikið af bókum og fór oft í leikhúsi. Honum fannst þó gersamlega óhugsandi að sonur hans menntaði sig til svo ónyttjugs starfa sem listamannsins. Hann var á þeirri skoðun að Carl Fredrik ætti að afla sér háskólamenntunar eins og hann, og leita sér frama á háskólabrautinni. Eftir miklar og ramar deilur varð það úr að hann hóf nám við Listaakademíuna í Stokkhólmi.”

Þaðan lá leiðin til Parísar.

Jónas Guðmundsson MYNDLIST

ionisma og expressionisma. Hin sorglegu örlög hans öllu því þó, að list hans hafði ekki nein meiriháttar áhrif á listþróunina í Svíþjóð, en ætla mátti að hann hefði getað stuðlað að meiri skilningi á málara-list samtíðarinnar....”

„Faðir hans, Carl Johan Hill, var prófessor í stærðfræði og sérvitur með afbrigðum. Hann var einkar hagsýnn og honum áskotnaðist töluverður auður um ævidagana. Hann var þó ekki nízkur og átti það oft til að veita stúdentum lán, þegar þeir leituðu til hans í nauðum sínum. Einkennandi fyrir skapperð hans var, að hann var haldinn mikilli tortryggni í garð allra í umhverfi sínu og hann hafði alltaf á tilfinningunni að hann væri beittur óréttvísi. Málaferli, deilur og skuldakröfur voru daglegir liðir í lífi hans.

Prófessorinn samdi allmargar kennslubækur. Bækur þessar voru þó svo torlesnar, og þar að auki að nokkru leyti skrifaðar

Sýningin á Kjarvalsstöðum

Sýningin á Kjarvalsstöðum á verkum Carl Fredrik Hill er að því leyti til frábrugðin venjulegum myndlistarsýningum, að þar eru engin hávaðasöm verk, þú gengur ekki í salinn í kynjaskóg litríkra verka. Myndirnar eru hengdar eins og tanngarður þvert yfir veggina, allar í sömu hæð, víðast hvar, hvernig er reynt að auka fjölbreytni með skipulagi, eða arkitektúr, eins og til dæmis er gert í órimuðum ljóðum, þegar linur eru valdar. Ekki bætir heldur úr skák að pappírinn í myndunum er með nær sama, eða svipuðum lit og veggir Kjarvalsstaða og dauf teikning sést ekki svo langt.

En þegar komið er nær þessum myndum, verður annað uppi á teningnum. Þar blasir við

Framhald á bls. 19.

KR

BAGGATÍNAN

Hleður á vagn eða bíl allt að 750 böggum á klukkustund.

Er létt og auðveld í meðförum og vinnur sitt verk af öryggi við hvers konar aðstæður.

Truflar ekki eða tefur bindingu á nokkurn hátt.

K.R. BAGGATÍNAN er hönnuð fyrir íslenskar aðstæður og framleidd hjá

KAUPFÉLAG RANGÆINGA HVOLSVELLI

Simar: 99-5121 og 99-5225.



Þeir bændur, sem vilja tryggja sér bagga-tínu fyrir næsta slátt þurfa að panta sem allra fyrst, þar sem framleiðslumöguleikar eru takmarkaðir.

Kaupfélag Rangæinga



Auglýsing

Frá og með 2. febrúar nk. verður daglegur afgreiðslutími á skrifstofu Landsvirkjunar að Háaleitisbraut 68, Reykjavík, þessi: Alla virka dag frá kl. 08:20 til kl. 12:00 og frá kl. 12:30 til kl. 16:15.

Landsvirkjun

Mælingamaður

óskast til starfa sem fyrst hjá Gatnamálastjóranum í Reykjavík, Skúlatúni 2. Umsóknir sendist þangað fyrir 5. febrúar nk. með upplýsingum um fyrri störf. Launakjör samkv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.




Gatnamálastjórin í Reykjavík.

Útboð

Hitaveita Suðurnesja óskar eftir tilboðum í framleiðslu og afhendingu á einangruðum stálpípum og greinistykkjum. Útbodsgögn verða afhent á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja Brekkustíg 36, Ytri-Njarðvík og verkfræðistofunni Fjarhitun h.f. Alftamýri 9, Reykjavík gegn 200 kr. skilatreygingu. Tilboðin verða opnuð á skrifstofu Hitaveitu Suðurnesja þriðjudaginn 17. febr. 1981 kl. 14.

Auglýsið í Tímanum



Teikning eftir Carl Fredrik Hill

hefur síðan haft mikil áhrif á seinni tíma listamenn.

Listasafnið í Malmö hefur góðfúslega boðið Kjarvalsstöðum þessa sýningu á verkum Carl Fredrik Hill. Þessi sama sýning hefur áður verið haldin í París og Helsingfors. Það er von mín að þessi kynning á þessum hluta sænskrar menningar vekji áhuga hér á landi, þar sem almennur áhugi um listir ríkir, og verði vel sótt. „Að skoða sýningu Carl Fredrik Hill með þessu hugarfari er einkar lærdómsríkt, því fáir munu þeir listamenn, er ekki ánetjast listpólitik með einum, eða öðrum hætti, og miða þá listaverkið

samkvæmt hans eigin kerfi, að það voru mjög fáir, sem höfðu eitthvert gagn af þeim.

Móðir hans, Charlotte, var ekki sérlega sterkbyggð og sjálfsbjargarvildleitni hennar var ekki nægilega rík, til þess að hún gæti staðið gegn manni sínum. Hún var andlega kúguð og viljalítill og hún gat því aldrei miðlað á milli feðganna, þegar ósamlyndi þeirra og deilur fóru að ágerast..

Að loknu stúdentsprófi vildi Carl Fredrik, að áeggjan teiknikennara síns, halda til Stokkhólms og náms við Listaakademíuna og verða listamaður. Það er auðvelt að gera sér í